

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 492/1989. **Á. Sigurðsson sf.**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Skaðabætur utan samninga. Geymsla. Vis major hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefnda verði gert að greiða sér 291.505 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður áfrýjanda því yfir, að hann reisti kröfugerð sína eigi lengur á því, að um flutnings-ábyrgð stefnda væri að ræða, heldur væri kröfugerð hans fyrir Hæstarétti eingöngu byggð á almennum skaðabótareglum utan samninga.

Með viðaukasamningi stefnda og þrotabús Hafskips hf. hinn 6. janúar 1986 við kaupsamning aðila sama dag tók stefndi frá og með 1. s.m. við öllum leiguréttindum þrotabúsins við Reykjavíkurhöfn og afnotum þess svæðis, sem það hafði þar haft til umráða, með ákveðnum takmörkunum. Stefndi tók við gæslu svæðisins frá undirritun samnings. Áskilið var, að þrotabúið hefði heimild til þess að geyma gáma, sem vörur væru enn í, á útisvæði við Faxaskála gegn endurgjaldi til stefnda. Tekið var fram, að gámar, sem þegar væru tæmdir og stæðu á umræddu svæði, væru þrotabúi Hafskips hf. óviðkomandi. Í lok viðaukasamningsins var svo kveðið á, að þrotabúið myndi bera ábyrgð vörslumanns á vörusendingum,

sem það hefði til geymslu, eftir að samningur þessi kæmi til framkvæmda, en stefndi ábyrgðist athafnir starfsmanna sinna og meðferð vara við afgreiðslu eftir almennum skaðabótareglum.

Með framangreindum samningi tók stefndi að sér að bera ábyrgð á gæslu hins umrædda svæðis, og verða ákvæði hans ekki skilin öðruvísi en svo, að stefndi hafi átt að annast umsjá þeirra tómu gáma, sem þar voru geymdir. Starfsmenn Hafskips hf. munu upphaflega hafa staflað þeirri gámastæðu, sem sá gámur fauk af, er olli því tjóni, er mál þetta varðar. Hins vegar má ráða af framburði vitnisins Friðfinns Guðjónssonar verkstjóra fyrir héraðsdómi, að eigi sé loku fyrir það skotið, að starfsmenn stefnda hafi þurft að flytja til gáma á geymslusvæðinu. Ekki hefur verið sýnt fram á, að veðurofsi hafi verið meiri en við mátti búast á þessum árstíma. Í málinu hefur ekkert komið fram, er bendi til þess sérstaklega, að geymsla og frágangur þeirra gáma, sem hér um ræðir, hafi verið með öðrum og lakari hætti en almennt sé tíðkanlegur. Hins vegar ber að líta til þess, að frágangurinn virðist ekki hafa verið til þess fallinn að tryggja, að tjón hlytist ekki af í slíku veðri, sem þarna varð og búast mátti við samkvæmt framansögðu. Í framburði vitnisins Guðmundar Eyjólfssonar verkstjóra fyrir héraðsdómi kom fram, að gámur hefði áður fokið í hvassviðri á geymslusvæði við höfnina og þá út á Tryggvagötu. Sá tjónsatburður, sem hér er fjallað um, varð helgina 25.-26. janúar 1986, og urðu starfsmenn í Faxaskála varir við það, er þeir mættu til vinnu sinnar að morgni mánuðagsins á eftir, að gámurinn hafði fokið. Ekki verður séð, að stefndi hafi gert sérstakar ráðstafanir til varnaðar eða eftirlits á geymslusvæðinu vegna versnandi veðurs um helgina.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda. Í málinu hefur verið lögð fram staðfesting Halldórs Júlíussonar veitingamanns á því, að hann hefði fyrir hönd Hótel Akraness gert áfrýjanda tilboð að fjárhæð 330.000 krónur í frystigeymsluna, áður en hún eyðilagðist. Áfrýjandi byggir á því, að hann myndi hafa þurft að greiða vörugjald, 3.687 krónur, og söluskatt, 34.808 krónur, og nemi tjón hans mismuni þessara gjalda og tilboðsverðsins, 291.505 krónum. Stefndi hefur ekki mótmælt þessari kröfufjárhæð tölulega, en heldur því þó fram, að tjón áfrýjanda geti eigi verið meira en sem svarar innkaupsverði

vörunnar. Á hinn bóginn þykir áfrýjandi hafa sýnt nægjanlega fram á, að tjón hans nemi stefnufjárhæðinni, og verður stefndi dæmdur til þess að greiða hana með þeim vöxtum, sem krafist er, en upphafstími vaxtanna sætir ekki andmælum. Þá verður stefndi og dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Á. Sigurðssyni sf., 291.505 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, að fjárhæð 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Á. Sigurðssyni s/f, Ægisíðu 96, Reykjavík, gegn Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 24. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 291.505 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 1. mars 1987, 2,25% dráttarvexti á mánuði frá þeim degi til 1. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að sýknað verði, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar til verulegra muna.

Upphaflega var þrotabúi Hafskips h/f einnig stefnt til óskiptrar sakaraðildar með stefnda í máli þessu, en kröfum stefnanda á hendur þrotabúi Hafskips h/f var vísað frá með dómi, upp kveðnum 8. febrúar sl.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 10. maí sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið tvívegis, 12. júlí sl. og í dag.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi flutt hingað til lands kæligeymslu, byggða á vörubilsgrind, frá Hamborg með skipi Hafskips h/f, Skaftá, er komið hafi til landsins 9. júlí 1985, og hafi kæligeymslan verið geymd í vörugeymslu Hafskips h/f við Faxaskála, Reykjavíkurhöfn. Farmbréfið hafi verið stílað á Reyni Guðmundsson, Hveragerði, enda hafi stefnandi verið búinn að semja við hann um kaup á kæligeymslunni. Vegna vanefnda kaupandans hafi stefnandi orðið að yfirtaka vörusendinguna.

Tafir hafi orðið á, að kæligeymslan væri leyst úr tolli, m.a. vegna þess, að stefnandi hafi verið að leita að nýjum kaupanda. Í byrjun janúar 1986 hafi stefnandi náð samkomulagi við Halldór Júlíusson veitingamann um að kaupa kæligeymsluna á kr. 330.000. Kæligeymslan hafi hins vegar gjörðýðilagst helgina 25. - 26. jan. 1986 með þeim hætti, að tómur vörugámur hafi runnið af stæðu í portinu og ofan á kæligeymsluna.

Hafskip h/f hafi orðið gjaldþrota 6. desember 1985, en þrotabú Hafskips h/f hafi gert samning við Eimskipafélag Íslands h/f 6. janúar 1986, þar sem Eimskip hafi m.a. tekið við rekstri vörugeymslunnar Faxaskála og gæslu svæðisins. Tekið var fram í samningi, að gámar, sem þegar voru tæmdir og stóðu á svæðinu, væru þrotabúinu óviðkomandi.

Þegar kallað hafi verið eftir kröfum í þrotabú Hafskips h/f, hafi stefnandi lýst kröfu í þrotabúið vegna altjóns á kæligeymslunni í vörslu skipafélagsins. Stefndanda hafi þá ekki verið kunnugt um efni áður nefnds samnings við Eimskipafélag Íslands h/f. Gerð hafi verið krafa um bætur, að fjárhæð kr. 330.000, sem var ætlað söluverð kæligeymslunnar. Kröfunni hafi verið hafnað af bústjóra svo og skuldajafnaðarkröfu stefndanda, en þrotabúið hafi átt gjaldfallið skuldabréf, útgefið af stefndanda 12. júní 1985, að fjárhæð kr. 443.159.

Ágreiningsmáli um kröfu stefndanda hafi verið vikið til sérstakrar meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur, en vegna upplýsinga í greinargerð lögmanns þrotabúsins um hugsanlega skaðabótaábyrgð Eimskipafélags Íslands hafi verið ákveðið að fella það sérstaka skiptaréttarmál niður. Síðar hafi verið gerðar kröfur á hendur Eimskip, en þeim hafi verið hafnað.

Málsástæður stefndanda í efnisþætti málsins, eins og það liggur nú fyrir, eru þær, að handvömm eða athafnaleysi starfsmanna stefnda, Eimskipafélags Íslands h/f, hafi leitt til þess, að gámur hafi runnið ofan af gáma-stæðu í hvassviðri og gjörðýðilagt kæligeymslu stefndanda. Stefnandi viti ekki, hver átt hafi gáminn, en hann hafi annaðhvort verið í vörslum og á ábyrgð Eimskipafélags Íslands h/f, sem gert hafði samning við þrotabú Hafskips h/f um yfirtöku vörugeymslunnar, þegar þetta hafi gerst.

Bótaábyrgð stefnda byggist á almennu skaðabótareglunni, en það hafi verið sök starfsmanna stefnda, hvernig fór. Gámum hafi verið hlaðið upp

í háa stæðu án tryggilegra festinga, en snertifletir hafi verið hálir, sérstaklega á þessum árstíma. Ekki hafi þurft mikið til, að þeir rynnu úr stæðunum. Stefndi beri svo húsbóndaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Þótt vindmælir Veðurstofu Íslands hafi á þessum tíma sýnt 58 hnúta vindhraða í einstökum hviðum, hafi ekki geisað ofsaverður í Reykjavík, þar sem meðalvindhraði í 10 mín. hafi aldrei náð 56 hnútum. Ekki komi því til greina, að stefndi sé undanþeginn ábyrgð vegna ófyrirsjáanlegra atvika (vis major).

Þá byggir stefnandi á því, að um sé að ræða farmflutningsábyrgð samkvæmt 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Sönnunarbyrði sé öfug í slíkum tilvikum, þ.e. stefndi eigi að sýna fram á, að tjónið verði ekki rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis starfsmanna hans. Að öðrum kosti teljist flutningsaðili eða vörsluaðili bótaábyrgur. Um ábyrgð stefnda í þessu sambandi vísast til 73. gr. siglingalaga, en með lögjöfnun megi beita þeirri grein um það tilvik, að einn farmflytjandi taki að sér að geyma vöru fyrir annan.

Fjárhæð kröfu sé þannig fundin, að byggt sé á ætluðu söluverði (markaðsverði), kr. 330.000, en dregin séu frá vörugjald og söluskattur, kr. 38.495, og þannig nemi krafa stefnanda kr. 291.505.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að starfsmenn hans hafi staflað gámunum á þann hátt, sem lýst sé í sóknarskjöllum málsins. Hér hafi verið um geymslusvæði Hafskips að ræða, og hafi starfsmenn þess félags haft veg og vanda af frágangi gámanna. Starfsmönnum stefnda yrði því ekki um kennt, jafnvel þótt talið yrði, að ógætilega hefði verið frá gámunum gengið. Er því þó mótmælt, að svo hafi verið. Slíkur frágangur muni vera venju samkvæmt á hafnarsvæðum hér við land og á engan hátt talinn óeðlilegur eða varasamur frágangur. Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi hafi í skiptaréttarmáli gegn þrotabúi Hafskips h/f byggt á því, að tjónið á kæligeymslunni mætti rekja til vangæslu starfsmanna Hafskips h/f. Starfsmenn stefnda hafi hvergi komið þar nærri, og því sé ekki um húsbóndaábyrgð stefnda að ræða.

Stefndi bendir á, að bótakröfur verði ekki byggðar á farmskírteinisábyrgð, þar sem þeirri ábyrgð ljúki, þegar varan fari frá borði, og viðtakanda vörunnar jafnframt gert skylt að sækja vöru sína til losunarhafnar. Tilkyrning hafi verið send viðtakanda vörunnar, Reyni Guðmundssyni, áður en varan hafi komið til landsins, og hafi því Hafskip h/f orðið að geyma vöruna utan húss á athafnasvæði sínu. Sjö mánuðir hafi liðið, frá því að varan kom til landsins, þangað til óhappið hafi gerst.

Af hálfu stefnda er bent á niðurlagsákvæði 3. gr. í framlögðum viðaukasamningi milli stefnda og Hafskips h/f frá 6. janúar 1986, sem er svohljóðandi: „Gámar, sem þegar eru tæmdir og standa á umræddu svæði, eru

þrotabúi Hafskips h/f óviðkomandi.“ Það leiði af sjálfu sér, að slíkur samningur milli stefnda og þrotabús Hafskips geti ekki leitt til þess, að hugsanleg bótaskylda þrotabúsins gagnvart þriðja manni falli niður. Hafi starfsmenn Hafskips sett gáminn á þann stað, sem hann var á, þegar óhappið varð, og verði það talið viðsjárverður frágangur að mati dómsins, sé um að ræða saknæmisverknad starfsmanna Hafskips h/f. Auk þess er á það bent, að samkvæmt 6. gr. samnings þessa beri þrotabúið ábyrgð vörslumanns á vörusendingum, sem það hafi til geymslu, eftir að samningurinn kemur til framkvæmda, og þar sé beinum orðum tekið fram, að stefndi ábyrgist athafnir starfsmanna sinna og meðferð á vörum við afgreiðslu eftir almennum skaðabótareglum.

Öðrum þræði byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að um vis major sé að ræða. Fyrir liggja skoðunarvottorð Lloyds-umboðsins í Reykjavík, Könnunar h/f, sem segi, að vindstyrkur í Reykjavík 25. og 26. janúar hafi janfvel slegið í stuttan tíma upp í 10 - 11 vindstig. Á framlögðu vottorði Veðurstofunnar komi fram, að kl. 24.00 25. janúar hafi vindhraði mælst 58 hnútar, og á meðfylgjandi töflu sé þess getið, að það teljist ofsaveður, ef vindhraði mælist yfir 56 hnútar. Það sé út í hött að gefa út meðaltalsvind yfir lengra tímabil, þegar meta skuli, hvort um vis major sé að ræða. Með því að hafa slíkt meðaltalstímabil nógu langt sé ávallt hægt að sýna fram á, að ofviðri hafi aldrei geisað. Hér verði að taka til greina þá hæstu mælingu, sem sannanleg sé, og miða við hana.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína einnig á undanþáguákvæðum í D- og I-lið 2. mgr. 68. gr. laga nr. 34/1985 um ábyrgð farmflytjanda á farmi.

Varakröfu sína um lækkun dómkrafna byggir stefndi á ákvæðum 70. gr. laga nr. 34/1985 um takmarkaða ábyrgð farmflytjanda. Bætur miðist við 2 SDR fyrir hvert brúttó-kiló vöru, sem skemmist, glatast eða afhendingu seinkar á. Þyngd vörunnar samkvæmt farmskírteini hafi verið 1300 kg. Það væri því um 2.600 SDR að ræða á gengi 14. apríl 1988 53,599, sem nemi kr. 139.357,40.

Forsvarsmður stefnanda, Ásgeir Sigurðsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu svo og vitnin Guðmundur Eyjólfsson og Friðfinnur Guðjónsson verkstjórar.

III.

Með kaupsamningi, dags. 6. janúar 1986, og viðaukasamningi, dags. sama dag, milli Eimskipafélags Íslands h/f og þrotabús Hafskips h/f tók stefndi við öllum leiguréttindum þrotabúsins við Reykjavíkurhöfn. Frá þeim tíma tók stefndi við afnotum og gæslu geymslusvæðisins, sem þar var um að ræða, þ.m.t. útisvæði við Faxaskála, þar sem tjónið varð. Í 6. gr. viðaukasamningsins var kveðið á um það, að þrotabúið bæri ábyrgð

vörslumanns á vörusendingum, sem það hefði til geymslu, eftir að samningur þessi kæmi til framkvæmda, en stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, ábyrgðist athafnir starfsmanna sinna og meðferð vara við afgangi eftir almennum skaðabótareglum.

Fyrir liggur, að umrædd vörusending var flutt til landsins með skipi Hafskips h/f og geymd á vegum þess á geymslusvæði við Faxaskála. Með vísan til 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og framangreinds samningsákvæðis bar stefndi því ekki vörsluábyrgð á greindri kæligeymslu, er tjónið varð.

Í niðurlagi 3. gr. viðaukasamnings þessa var tekið fram, að tómir gámar, sem væru á útisvæði við Faxaskála, væru þrotabúi Hafskips h/f óviðkomandi.

Gámur sá, sem tjóninu olli á kæligeymslu stefnanda, var tómur þurr-gámur, sem staðið hafði efst í þriggja gáma stæðu á greindu útisvæði, sem þá var afnota- og umráðasvæði stefnda samkvæmt framansögðu. Samkvæmt vætti verkstjóranna Guðmundar Eyjólfssonar og Friðfinns Guðjónssonar er það algengt, að gámum sé staflað þannig upp í þrjár hæðir í landi og án sérstakra festinga. Í málinu hefur ekkert það komið fram, sem bendir til, að staðsetning eða hleðsla þessarar gámastæðu hafi verið ábótavant eða varhugaverð, en af gögnum máls má ráða, að gámurinn hafi fokið niður í því hvassviðri, sem geisaði helgina 25. - 26. janúar 1986. Þá hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að starfsmenn stefnda hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi átt sök á tjóni þessu. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Á. Sigurðssonar s/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.